

## Munnlegt námsmat á tímum gervigreindar: Frá framsögn til samræðu

Aukin notkun gervigreindar í háskólanámi og vaxandi áhersla á fjölbreyttara námsmat hafa dregið fram mikilvægi munnlegs námsmats sem lifandi, einstaklingsmiðaðs og skapandi matsforms. Munnlegt námsmat býður upp á einstakt tækifæri til að meta dýpri skilning, rökhugsun, munnlega tjáningu og hæfni til að bregðast við ófyrirsjáanlegum aðstæðum, eiginleika sem erfitt er að fanga með hefðbundnum skriflegum prófum eða sjálfvirku mati. Slíkt mat getur því orðið mikilvægt mótvægi við þróun námsmats á tímum ört breyttrar tækni og gervigreindar og stuðlað að fjölbreyttari og nemendamiðaðri sýn á nám og mat í háskólasamfélaginu. Rannsóknin byggir á fyrri greiningu höfundar þar sem munnlegt námsmat í háskólanámi var flokkað í fimm meginflokka eftir aðferðum, frá einföldum kynningum til gagnvirks munnlegs mats. Í þessari framhaldsrannsókn er sjónum beint að einum þessara flokka, munnlegum prófum, þar sem er mismunandi hversu mikið tækifæri nemandi fær til undirbúnings, t.d. með að fá spurningar fyrirfram. Þessi flokkur er svo tekinn til nánari greiningar í fimm undirflokkum sem endurspeglar stigbreytingu í undirbúningi, uppbyggingu og samskiptum. Byggt er á fjórum áhersluviðdum munnlegra prófa, gagnvirkni, falsleysi, frjálssleika forms og orðræðu, til að sýna hvernig þessir þættir þróast eftir því sem prófin verða opnari og samtalsmiðaðri. Undirflokkarnir fimm eru: 1) munnleg próf án undirbúnings, 2) stutt undirbúin próf, 3) undirbúin umræðupróf, 4) atvikabundin próf og 5) þemabundin próf. Greiningin sýnir samfellu frá kennarastýrðu mati til opins, samræðubundins náms þar sem nemendur móta þekkingu í samvinnu við kennara. Munnlegt námsmat birtist þannig ekki aðeins sem lokamat, heldur sem fræðilegt hönnunarrými sem stuðlar að dýpri skilningi, skapandi hugsun og faglegri samskiptahæfni í háskólanámi á tímum tæknibreytinga og gervigreindar.